

nefndar, enda hafi málið eigi þegar verið lagt fram í nefndinni, sbr. 2. mgr. 5. gr. samþykktar þessarar.

Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga, sbr. 4. mgr. 39. gr. laganna.

7. gr.

Skipulags- og byggingarnefnd er heimilt að setja byggingarfulltrúa nánari verklagsreglur um útgáfu byggingarleyfa. Þessar reglur skulu hljóta staðfestingu bæjarstjórnar.

8. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfissráðuneytinu, 16. október 2000.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Stefánsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. gr.

Hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi er leyfisbundið og sætir þeim takmörkunum sem um greinir í samþykkt þessari. Heimilt er þó að halda þarfaþunda á lögbýlum og hunda sem notaðir eru til björgunarstarfa svo og aðstoðarhunda fyrir blinda og fatlaða einstaklinga.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem lögheimili hafa í sveitarfélaginu leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu sveitarfélagsins og fær þar eigandi hundsins afhenta númeraða plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið skal ákveðið af bæjarstjórn, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar og má gjaldið aldrei vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið Ölfus skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega. Gjaldldagi er 1. febrúar ár hvert. Í gjaldskrá skal einnig ákveðið handsömunargjald, sbr. f - lið 2. gr. Hundar sem eru notaðir við búrekstur á lögbýlum eru undanþegnir þessu gjaldi svo og hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa, ásamt hundum sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindum og fötludum einstaklingum. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan mánaðar frá gjaldldaga er heimilt að afturkalla leyfið svo og ef hreinsun hunda er ekki framkvæmd eftir settum reglum.
- c) Sveitarfélagið Ölfus ábyrgðartryggir alla skráða hunda sem greitt er leyfisgjald af. Þeir hundaeigendur sem undanþegnir eru leyfisgjaldi, skv. f-lið þessarar greinar, ábyrgðartryggja hunda sína hjá viðurkenndu tryggingafélagi og skulu þeir greiða bæjarsjóði

útlagðan kostnað vegna hundahreinsunar. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur sem falla undir f-lið leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu sem sýnir að trygging sé að fullu í gildi.

- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Hundeigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Skilyrði fyrir hundahaldi í fjöleignarhúsum er að allir íbúðareigendur samþykki veru hundsins og skal leggja fram skriflegt samþykki þar að lútandi við skráningu hans. Umráðamönnum hundsins er ætíð skylt að fjarlægja saur eftir hann. Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem um ræðir í III. til V. og VII. til XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum en þeir eru m.a. eftirfarandi:
1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði, brunnar og sjóveitur.
  2. Almennings- og útisalerni.
  3. Hvers konar sorpgeymslur og sorpförgunarstaðir.
  4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
  5. Tjald- og hjólhýsasvæði nema með heimild umsjónaraðila.
  6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd, eða seld matvæli.
  7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
  8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers kyns snyrti- og sólbaðsstofur.
  9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
  10. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
  11. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
  12. Almenn samgöngutæki.
- e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leiti lögum og reglum er hundahald varðar þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sbr. b-lið þessarar greinar, svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd Suðurlands setur.
- f) Bændum á lögbýlum er heimilt að hafa þarfahunda án gjalds og einnig er heimilt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar. Skylt er bændum á lögbýlum og eigendum hunda sem nefndir eru í b-lið hér að framan að sjá til þess að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

### 3. gr.

Fyrir hönd bæjarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu þegar þörf krefur en að öðru leyti starfar hann undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við störf sín. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

### 4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eigendum eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa hefur lögreglan eða dýralæknir heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað.

Merkir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan eða dýralæknir heimild til að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað.

Lögregla og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna landbúnaðarfulltrúa kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

5. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Ölfuss staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu hennar.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 18. október 2000.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 763

13. október 2000

## REGLUGERÐ

### um váttryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.

1. gr.

Eftirfarandi aðilum, sem veita heilbrigðisþjónustu, er skylt að hafa í gildi váttryggingu (sjúklingatryggingu) hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna tjóna sem bótaskyld eru samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu:

1. Heilbrigðisstarfsmenn sem eru sjálfstætt starfandi og hafa hlotið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til starfans, án tillits til þess hvort þeir veita heilbrigðisþjónustu sem sjúklingur greiðir að fullu sjálfur eða sem greidd er af sjúkratryggingum samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Löggiltar heilbrigðisstéttir eru:

læknar	meinatæknar
tannlæknar	sjóntækjafraðingar
sjúkráþjálfarar	sjúkraliðar
hjúkrunarfræðingar	þroskaþjálfar
hnykkir	læknaritarar
lyfjafraðingar	matarfraðingar
sálfræðingar	matartæknar
fótaaðgerðafræðingar	matvælafræðingar
sjúkranuddarar	náttúrufraðingar í heilbrigðisþjónustu
tannfræðingar	næringarfræðingar
félagsráðgjafar	næringarráðgjafar
iðjuþjálfar	röntgentæknar
ljósmæður	sjúkraflutningamenn
aðstoðarlyfjafraðingar	talmeinafræðingar
lyfjatæknar	tanntæknar